


FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA



BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA

5. fundur stjórnar Byggðasafns Árneseinga var haldinn mánudaginn 17. apríl 2023 kl. 17 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Árni Eiríksson. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. **Beitningaskúrin.** Stjórn safnsins skoðaði Beitningaskúrin sem stendur sunnan við aðalgötuna við Óðinshús. Lýður Pálsson safnstjóri sagði sögu Beitningaskúrsins sem byggður var 1925 og gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka árið 1990.

2. **Styrkir til safnsins.** Safnstjóri kynnti styrki sem safnið hefur fengið undanfarna mánuði. Uppbyggingarsjóður Suðurlands úthlutaði í nóvember þremur styrkjum til Byggðasafns Árneseinga, fyrir jóladagskrá safnsins, fyrir smiðjuverkefni „Skapað í smiðju“ og fyrir Ásgrímsleiðina, styrkjaupphæðir alls 1300 þúsund kr. Safnasjóður úthlutaði í desember aukastyrkjum fyrir 2022 og voru það tveir 300 þúsund kr ferða- og vistaskiptastyrkir sem nýtast á þessu ári. Í febrúar var aðalúthlutun Safnasjóðs fyrir 2023 og fékk Byggðasafn Árneseinga 1300 þúsund króna styrk til mótunar fræðslustefnu, einnar milljóna króna styrk til myndvæðingar í Sarp, 500 þúsund króna styrk til eflingar varðveislu safnsins og tveggja milljóna króna styrk til Ásgrímsleiðarinnar sem er samstarfsverkefni Byggðasafns Árneseinga og Listasafns Árneseinga í tilefni afmæla safnanna. Alls námu styrkir Safnasjóðs 4,8 milljónum króna. Húsafriðunarsjóður hefur veitt tvo styrki upp á alls þrjár milljónir króna til viðhalds á Húsinu og Assistentahúsinu. Uppbyggingarsjóður Suðurlands úthlutaði fyrir skömmu í vorúthlutun tveimur 500 þúsund króna styrkjum til vor- og sumarsýninga í borðstofu Hússins.

3. **Stefnumótun Byggðasafns Árneseinga.** Lögð var fram stefnumótun Byggðasafns Árneseinga fyrir 2023-2027. Varðveisl- og söfnunarstefnan hafa verið endurbætt í takt við stofnskrá safnsins og þann safnkost sem er nú fyrir hendi. Einnig kemur orðið grisjun fyrir í stefnumótuninni en grisjun getur farið fram með þeim hætti að skila gefendum gripum ef þeir hafa ekkert gildi fyrir safnið, hægt að afhenda öðrum söfnum gripi til varðveislu eða hreinlega farga. Safnstjóri upplýsti að við flutninga safnkostsins í Búðarstíg 22 hafi um tíu safnmunum, sem hafa ekkert varðveislugildi, verið grisað af þeim 8000 sem það varðveitir. Ekki er fyrirhugað að fara í grisjunaráttak enda ekki þörf á því en vinnureglur þurfa að vera fyrir hendi. Afgreiðslu frestað.

4. **Verðskrá Byggðasafns Árneseinga 2023.** Verðskráin var lögð fram, rædd og samþykkt.

5. **Viðgerðir og viðhald 2023.** Safnstjóri lagði fram verkáætlun fyrir viðgerðir og viðhald á safnhúsum á þessu ári og því næsta. Í rekstraráætlun 2023 er gert ráð fyrir fimm milljónum í þennan rekstrarlið. Húsafriðunarsjóður hefur veitt safninu styrki til viðhalds á Húsinu og Assistentahúsinu.

6. **Rekstur safnsins.** Lagt var fram yfirlit um rekstur safnsins fyrstu þrjá mánuði þessa árs. Í ljósi niðurstöðu ársreiknings fyrir 2022 er um verulega vanáætlun að ræða á fjármagnsgjöldum fyrir árið 2023. Því er beint til framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga að meta hvort ástæða sé til að taka upp rekstraráætlun Byggðasafns Árneseinga.

7. **Næsti fundur stjórnar.** Fundartími ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.

Sandra Sigurðard.
Þórhildur Ingvadóttir

Árni Eiríksson
Lýður Pálsson